

Fundargerð 1

Fimmtudagur 6.okt. 2011 kl.9:05

Umhverfisnefndarfundur

Mættir voru Díana, Sigríður Lára, Matthías, Guðmundur og Bolette

1. Fórum yfir markmið vetrarins og rætt um hvað við viljum gera.
2. Fyrir næsta fund ætlum við að reyna að muna allt og skrá niður hvernig við notuðum efni í skólanum sem hafði annars lokið hlutverki sínu.
3. Fórum yfir gátlista sem við unnum í fyrra.
4. Ákveðið að finna annan fundartíma þar sem þessi hentaði ekki vel.

Fundi slitið kl. 9:20

Fundargerð 2

Fimmtudagur 3.nóv. 2011 kl.9:05

Umhverfisnefndarfundur

Mættir voru Díana, Sigríður Lára, Ástráður, Guðmundur og Bolette

1. Rætt um að fara inn í hvern bekk til þess að rifja upp hvernig við flokkum rusl sem til fellur inni í bekkjum.
2. Ákveðið var að
 - a) Guðmundur tali um pappírskassana
 - b) Sigríður Lára um lifræna ruslið og minni nemendur á að ydd mætti fara með. Einnig tali hún um handþvott, pappírs og sápunotkun.
 - c) Díana tali um hvít blöð og sparnað á þeim.
 - d) Ástráður tali um að spara rafmagn og slökkva ljósin.
3. Rætt var um litaðan pappír og ákveðið að hafa sér kassa fyrir hann.
4. Farið var inn í 1.-2. bekk og talað við nemendur um flokkunina, næst förum við í 3.-4. bekk.

Fundi slitið kl 9:30

Fundargerð 3

Fimmtudagur 23.jan. 2012 kl.14:20

Umhverfisnefndarfundur

Mættar voru Díana, Sigríður Lára, Ástráður, Guðmundur og Bolette

1. Rætt aftur um að fara inn í hvern bekk til þess að rifja upp hvernig við flokkum rusl sem til fellur inni í bekkjum. Eftir er að fara í 3.-4. bekk.
2. Ákveðið var að
 - a) Guðmundur tali um pappírskassana
 - b) Díana um lifræna ruslið og minni nemendur á að ydd mætti fara með. Einnig tali hún um handþvott, pappírs- og sápunotkun.
 - c) Sigríður Lára tali um hvít blöð og sparnað á þeim
 - d) Ástráður um að spara rafmagn og slökkva ljósin.
3. Nefndina langar til þess að gera bækling um bekkina og skólann eða um tunglið.
4. Á morgun kemur Sverrir Guðmundsson og við fáum verðlaunin okkar fyrir „Varðliða umhverfisins”.
5. Ákveðið að hafa grænan dag.

Fundi slitið kl 14:30

Fundargerð 4

Föstudagur 24.feb. 2012 kl.12:20

Umhverfisnefndarfundur 4

Mætt voru Díana, Sigríður Lára, Matthías, Guðmundur og Bolette

1. Rifja upp hvað átti að segja við nemendur í 3.-4. bekkur
2. Ákveðið var að
 - a) Guðmundur talaði um pappírskassana
 - b) Matthías um handþvott, pappírs- og sápunotkun.
 - c) Sigríður Lára talaði um hvít blöð og sparnað á þeim
 - d) Díana um að spara rafmagn og slökkva ljósin.
3. Farið inn og rætt við 3.-4. bekk.

Fundi slitið kl 12:30